



Ráðgjafanefnd um færslu húsa á Seyðisfirði

Maí 2021

TILLÖGUR RÁÐGJAFANEFNDAR

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Búðareyri	4
Húsaskrá	5
Austurvegur 38 – Breiðablik	5
<i>Tillaga nefndarinnar:</i>	5
Hafnargata 6 – Framhús	8
<i>Tillaga nefndarinnar:</i>	8
Hafnargata 11 – Ríkið	9
<i>Tillaga meirihluta nefndarinnar:</i>	9
Hafnargata 34 – Turninn	11
<i>Tillaga nefndarinnar:</i>	11
Hafnargata 37 – Angró	14
<i>Tillaga nefndarinnar:</i>	14
Hafnargata 40B – Landamót	17
<i>Tillaga nefndarinnar:</i>	17
Hafnargata 42b	19
<i>Tillaga nefndarinnar:</i>	19
Hafnargata 42 – Garður	20
<i>Tillaga nefndarinnar:</i>	20
Hafnargata 44 – Ráðhús / Gamla ritsímastöðin	23
<i>Tillaga nefndarinnar:</i>	24
Hafnargata 44b Sólbakki	26
<i>Tillaga nefndarinnar :</i>	26
Hafnargata 38 – Vélsmiðja Seyðisfjarðar, Smiðjan	28
<i>Ábending frá nefndinni:</i>	28
Tækniminjasafn Austurlands	29
<i>Tillaga nefndarinnar :</i>	29
Hafnargata 25 – Þórshamar	30
<i>Ábending frá nefndinni:</i>	30
Hafnargata 31 – Garðarshúsið síðar nefnt Skipasmíðastöð Austfjarða	32
<i>Ábending frá nefndinni:</i>	33
Lokaorð	33
Fylgiskjöl	33
Heimildir	33
Annað	33

INNGANGUR

Í kjölfar skriðufalla á Seyðisfirði í desember 2020 lagði Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings fram tillögu á 12. fundi sínum sem fram fór 10. febrúar 2021 að ráðgjafanefnd yrði sett á laggirnar til þess að fjalla um færslu húsa utan Búðarár. Sveitarstjórn samþykkti tillöguna síðan á fundi sínum 10. mars 2021 og tilnefndi eftirtalda aðila:

„Ráðgjafanefnd vegna eldri húsa á hættusvæðum

Málsnúmer 202102258

Fyrir lágu drög að erindisbréfi og tillaga að skipan ráðgjafanefndar sem ætlað er að gera tillögur til umhverfis- og framkvæmdaráðs um ráðstafanir vegna húsa á og nærri skriðusvæði utan Búðarár á Seyðisfirði.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Sveitarstjórn Múlaþings samþykkir framlagt erindisbréf og að eftirtaldir aðilar taki sæti í ráðgjafanefndinni.

Tilnefndir úr heimastjórn Seyðisfjarðar:

Ólafur Hr. Sigurðsson

Rúnar Gunnarsson

Frá Minjastofnun Íslands:

Pétur H. Ármannsson

Þuríður E. Harðardóttir

Sérfræðingar úr hópi íbúa Seyðisfjarðar:

Bragi Blumenstein

Þóra Bergný Guðmundsdóttir

Að auki var einn fulltrúi í nefndinni tilnefndur af ungmennaráði sveitarfélagsins:

Gylfi Arinbjörn Magnússon

Einnig taka eftirtaldir starfsmenn þátt í starfi nefndarinnar auk þess að sinna skilgreindum verkefnum innan hennar svo sem nánar greinir í erindisbréfi.

Aðalheiður Borgþórsdóttir, atvinnu- og menningarmálastjóri Múlaþings og fulltrúi sveitarstjóra á Seyðisfirði

Hugrún Hjálmarsdóttir, framkvæmda- og umhverfismálastjóri Múlaþings

María Markúsdóttir, skipulagsfulltrúi.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu“.

14 hús á svæðinu frá Austurvegi 38 út að Hafnargötu 37 urðu fyrir tjóni eða altjóni. Sveitarfélagið hefur lagt til uppkaup á fjórum eignum við Stöðvarlæk. Þar fyrir utan er mikilvægt að forða húsum af svæðinu þar sem yfirvofandi skriðuhætta er umtalsverð við Stöðvarlæk þar sem standa meðal annarra húsa; Þjóðargersemarnar Þórshamar, Gamla símstöð/ráðhúsið og Angró. Þau hús sem hurfu m.a. með öllu í skriðunni stóru eru Turninn og Garðarshúsið, um þau er einnig fjallað hér.

Í erindisbréfi nefndarinnar kemur eftirfarandi fram m.a.:

Starfstími nefndarinnar er til og með 20. júní 2021 en Umhverfis- og framkvæmdaráði er heimilt að framlengja starfstíma hennar ef þurfa þykir.

Ráðgjafanefndin leggur til að við störf nefndarinnar verði bætt umfjöllun um húsín Framhús og Breiðablik og er þeim gert skil hér.

4.gr

Ráðgjafanefndin skal skila tillögum til umhverfis- og framkvæmdaráðs um einstök hús, utan Búðarár, sem falla í neðangreinda flokka:

- a) Íbúðarhúsnæði sem samþykkt hefur verið að sveitarfélagið kaupi upp með tilstyrk Ofanflóðasjóðs- um brottflutning þeirra og nýja staðsetningu, eða niðurrif.
- b) Gamla ríkið við Hafnargötu- um staðsetningu og fyrirkomulag endurgerðar.
- c) Annað húsnæði á svæðinu sem er í eigu sveitarfélagsins- um þörf fyrir aðgerðir á borð við brottflutning, endurgerð eða niðurrif.
- d) Húsnæði á vegum Tækniminjasafns Austurlands - um húsnæði fyrir safnið, hugsanlega endurbyggingu, niðurrif og mögulegar nýbyggingar á nýjum stað. Unnið verði með stjórn og safnverði Tækniminjasafnsins.
- e) Hús sem eyðilögðust í skriðuföllunum- um hugsanlega endurbyggingu á nýjum stað.

Ráðgjafanefnd skal skila tillögum til umhverfis- og framkvæmdaráðs eftir því sem unnið er í gegnum framangreinda flokka.

Umhverfis- og framkvæmdaráði er einnig heimilt að óska eftir tillögum frá nefndinni vegna annarra húsa á svæðinu eða nærri því, sem ráðið telur ástæðu til að tekin verði afstaða til.

BÚÐAREYRI

„Ólíkt öðrum bæjum í landinu svo sem Reykjavík, Ísafirði og Akureyri varð þéttbýlið við Seyðisfjörð til á undraskömmum tíma. Tildrög og undirstaða hinnar hröðu og öflugu uppbyggingar voru síldveiðar Norðmanna við Ísland á seinni hluta níttjándu aldar.

Norsku síldarspekúlantarnir komu sér fyrir á Búðareyri, Forvaðavík og úti á Strönd.

Á síðasta tug aldarinnar efl-dist byggðin á Búðareyri til muna. Wathne byggði þrjú íbúðarhús og verslunarhús. Pöntunarfélag Fljótsdalshéraðs byggði glæsilegt hús 1898 (Pöntun), Garðarsfélagið reisti bæði íbúðarhús og atvinnuhúsnæði 1899 (Járnhúsið og Garðarshúsin). Innar á Búðareyrinni eða á Öldunni sunnanverðri, eins og það var stundum kalla, risu einnig nokkur hús á síðasta tug aldarinnar.

Á Búðareyrinni er að finna einstaklega væn hús á borð við Járnhús, Framhús og Múla. Utar við Hafnargötuna er það sem eftir stendur af Wathnestorfunni. Þar ber hæst hið glæsilega íbúðarhús Wathnes sem nú hýsir skrifstofur kaupstaðarins. Þar er líka Angró sem í sögulegu tilliti er vagga seyðfirsks atvinnulífs. Systurhús Angrós eru pakkhúsin Þórshamar og Garðarshús sem bæði eru einstök dæmi um atvinnuhúsnæði fyrri tíma. Æskilegt væri að staða þessara húsa í umhverfinu og innbyrðis tengsl yrðu styrkt. Önnur mjög markverð hús á þessu svæði eru vélsmiðjan sjálf og Turninn.

Frá upphafi hefur verið blönduð byggð íbúða og atvinnustarfsemi á Búðareyri og ber að leggja áherslu á að svo verði áfram“. (*Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar útg. 2020*) Nefndinni var falið að fjalla um Búðareyrina og þau hús sem þarf að færa af svæðinu sem og Breiðablik sem stóð við Austurveg. Hér er um að ræða mikil menningarverðmæti. Nefndarmenn hafa komið sér saman um nýjar lóðir fyrir húsin og leggja áherslu á að þau falla vel að þeirri byggð sem fyrir er.

HÚSASKRÁ

Hér á eftir fer listi yfir hvert hús sem nefndin tók fyrir, hverju húsi fylgir úrdráttur úr húsasögu Seyðisfjarðar, niðurstöður nefndarinnar, afstöðu- og þrívíddarmyndir sem sýna húsin á nýjum lóðum þar sem það á við. Afstöðu- og þrívíddarmyndirnar eru aðeins

hugmyndir af því hvar staðsetja mætti húsin og hvernig þau gætu litið út og nánari útfærslur bíða síðari tíma og frekari hönnunar.



Austurvegur 38 – Breiðablik

Byggt 1902

Eigandi: Cordula Agnes Marianne Schrand frá

„Í húsasögunni segir að í húsinu hafi m.a. verið starfrækt stúka og húsið nefnt Goodtemplarahúsið. Verslun hófst síðan í húsinu árið 1907 og var verslað í Breiðabliki allt til ársins 1997. Breiðablik er íslenskt bárujárnshús með svokölluðu mansardþaki“ (*Húsasaga Seyðisfj. útg. 2020*)

Tillaga nefndarinnar:

Breiðablik er í einkaeigu, eigandi hefur hug á að endurbyggja húsið og hefur óskað eftir lóð. Lagt er til að eiganda verði úthlutað lóðunum nr. 19 og 19b við Austurveg.







HAFNARGATA 6 - FRAMHÚS

Byggt 1908

Eigendur: Dagný Erla Ómarsdóttir og Haraldur Björn Halldórsson frá 2013.

„Framhúsið er glæsilegur fulltrúi norsku sveitserættarinnar. Það er sennilega flutt tilsníðið hingað til lands. Flatarmál hússins er óvenju lítið fyrir þessa húsgerð eða aðeins 56m². Húsið er plankahús, stendur á hlöðnum kjallara, portbyggt með tveim kvistum og hóflega skreytt“. (Húsasaga Seyðisfj. útg. 2020)

Tillaga nefndarinnar:

Framhúsið er í einkaeigu og hafa eigendur lýst yfir áhuga á að endurbyggja húsið á lóðinni. Ljóst er að það verður ekki reist á sama stað þar sem stór hluti lóðarinnar fer undir nýjan farveg Búðarár. Hugmyndir eru uppi um að húsið verði þá fært til á lóð nr. 6 við Hafnargötu í átt að Austurvegi. Nefndin mælir með því að stutt verði við áform eigenda með endurbyggingu hússins eins og kostur er.



HAFNARGATA 11 - RÍKIÐ

Byggt 1918

Eigandi: Seyðisfjarðarkaupstaður frá 2020

„Húsið er steypur kjallari, hæð og óinnréttað, en mög rúmgott ris. Þar voru samkvæmt brunabótamati frá 1932 innréttuð níu herbergi til íbúðar og tvö geymsluherbergi. Í kjallaranum var vörulager ÁTVR og gekk vörulyfta þaðan upp í sölubúð á hæðinni. Þar voru upprunalegar innréttingar komnar úr Verslun Konráðs Hjálmarssonar á Mjóafirði, sem byggð var skömmu fyrir aldamótin 1900 þessar innréttingar voru í notkun meðan Áfengisverslunin starfaði í húsinu og voru vafalaust þær elstu í landinu.

Húsið er augljóslega byggt af viðum úr öðru húsi, hugsanlega húsi sem Imsland átti út á Fjarðarströnd. Ýmislegt annað hefur verið tínt til byggingarinnar; meðal annars er einn gólfbitinn niðri eftir húsinu endilöngu, gilt og mikið siglutré. Húsið er reisulegt og samsvarar sér vel, það fellur inn í norsku byggingarættina og er merkilegt fyrir þær sakir að það er byggt sem verslunarhús og þjónar þeim tilgangi enn.

Gamla ríkið er friðað af ráðherra sem og innréttingarnar sem enn eru í húsinu“.

(Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar útg. 2020)

Tillaga meirihluta nefndarinnar:

Lagt er til að Gamla ríkið verði áfram á sínum stað við Hafnargötu 11 en fært til í lóðinni, 3 metra fram að smábátahöfn (frá götunni) og húsbreidd sína til hliðar nær húsi björgunarsveitarinnar. Að öðru leiti verði endurbygging samkvæmt samningi við Fjárþýslu ríkisins og Minjavernd.





HAFNARGATA 34 - TURNINN

Byggt 1908

Eigendur Pétur Jónsson 75% og Pétur Kristjánsson 25% frá 1998.


„Söluturninn, eða Turninn, er sennilega fyrsta hús sinnar tegundar á Íslandi. Eyjólfur Jónsson bankastjóri flutti það inn frá Noregi árið 1908. Má segja að Turninn hafi markað upphaf sjoppumenningar á Íslandi. Þar var verslað með sælgæti, öl, tóbak og ýmisskonar innflutta pakka- og dósavöru.

Turninn er plankahús og ganga plankarnir fram í kili á hornum. Við breytingar á húsinu hafa plankandarnir verið sagaðir af og annars staðar fúnað í endana. Turninn er eitt sérkennilegasta húsið í húsasafni Seyðfirðinga og má ekki fyrir nokkurn mun glatast.“
(*Húsasaga Seyðisfj. útg. 2020*)

Tillaga nefndarinnar:

Lagt er til að Turninn verði endurbyggður í sinni upprunalegu mynd án seinni tíma viðbyggingar við Austurveg 1, inn við Lónið.





Jan Miksaiko
 Kt. 270191-3559
 703 7679
 miksaiko@gmail.com
 TURINN
 AUSTURVEGUR 1
 710 SEYÐISEJÖRÐUR
 22.5.2021
 AFSTÖÐUMYND
 1:250
 A.02



HAFNARGATA 37 - ANGRÓ

Byggt 1881

Eigandi: Hafnarsjóður Seyðisfjarðarkaupstaðar frá árinu 1929.

„Angró er grindarhús eða bindingsverkshús og fyllt í bindinginn með múrsteini. Undirstöður eru að mestu hlaðnar en fremsti hluti hússins (u.þ.b. 5 metrar) stendur á staurum í sjó fram. Þó var á sjöunda áratugnum fyllt upp á milli stauraraðar fyrir miðju húsi svo að hægt væri að fara eftir húsinu með lyftara. Veggir eru fremur lágir, risið hátt en ekki portbyggt. Glögg má sjá að húsið er samsett úr tveimur húsum.


Allar götur þar til bærinn eignaðist húsið 1929, fór fram í því starfsemi tengd útgerð og verslun. Loftið í Angró sem er rúmgott var þá iðulega notað til leiksýninga, samkomuhalds og opinberra móttökuathafna; mun meðal annars landkönnuðinum Fridthjof Nansen hafa verið haldin veisla á Angróslóftinu er hann komi til Seyðisfjarðar sumarið 1910. Á stríðsárunum lögðu Bretar Angró undir sig og komu upp verkstæði fyrir kafbátagirðingar niðri, en starfræktu kvikmyndasál á loftinu. Þar voru jafnframt haldin böll.

Hörður Ágústsson segir í húsakönnun þeirri er hann vann fyrir Seyðisfjarðarkaupstað árið 1976 að mjög komi til álita að friða skuli húsið“. (*Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar útg. 2020*)

Tillaga nefndarinnar:

Lagt er til að Angró verði fært inn að Lónsleiru 15.





Pétur Ármannsson sviðsstjóri Minjastofnunar Íslands hefur ritað eftirfarandi minnisblað er varðar álitamál um upphæð og sanngirni tjónamats og framtíðarvarðveislu hússins:

„Hafnargata 37 / Angró. Byggingarár : 1881 / Aldursfriðun
 Varðveislugildi : hátt, sjóhús með fágætisgildi, fyrra heimili Otto Wathnes
 Styrkir úr húsafriðunarsjóði : 10.300.000 (2015, 2017-2020)
 Viðgerð : stóð yfir á hluta hússins þegar flóðið féll.

Samkvæmt matsgerð frá 10. febrúar 2021 er það mat Náttúruhamfaratryggingar að 15% af eigninni hafi skemmt af völdum ofanflóðsins. Miðað við brunabótamat að upphæð kr. 35.150.000 er bótaupphæð ákveðin 5.200.000. Gerðar voru athugasemdir við matsgerðina þar sem fulltrúi tjónþola, Seyðisfjarðarhöfn, taldi húsið mun meira skemmt en fram kom í matsgerðinni. Í minnisblaði frá 15. apríl 2021 kom fram að matsmenn sáu ekki ástæðu til breytinga á matsgerðinni og að innifalið sé í matinu aðgerðir til lagfæringar á þeim skemmdum á mannvirkinu sem urðu af völdum skriðunnar.

Í mati Náttúruhamfaratryggingar er ekki litið sérstaklega til sögulegs gildis hússins sem og þess að hafin var vinna við vandaða endurgerð hluta þess með viðurkenndum aðferðum. Nú liggur fyrir að flytja verður húsið þar sem það er innan marka hættusvæðis og viðgerð á því tjóni sem varð því strangt til tekið óheimil. Fyrir eiganda hússins er því í reynd um alþjón að ræða þar sem ekki verður unnt að nýta það á núverandi stað til safna- og menningarstarfs eins og stefnt hafði verið að.

Í ráðgjafahópnum hefur komið fram sú hugmynd að endurbyggt Angró verði flutt yfir á nýtt safnasvæði Tækniminjasafns og endurbyggt þar sem safnhús (sjóhús) ásamt áfastri bryggju. Verkefnið er af þeirri stærðargráðu að sérstök fjárveiting þarf að koma til ef takast á að varðveita húsið og ljúka endurgerð þess á nýjum stað“.



HAFNARGATA 40B - LANDAMÓT

Byggt 1929

Eigandi Eydís Bára Jóhannsdóttir frá 2010

„Húsið hefur verið í eigu sömu fjölskyldu frá 1951. Landamót er dæmigerður verkamannabústaður frá þriðja áratugnum, byggður í íslenskum bárujárnsstíl. Húsið er einfalt að gerð, snoturt og vel hirt. Það fer vel í umhverfi sínu.“ (*Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar útg. 2020*)

Tillaga nefndarinnar:

Húsið er í einkaeigu og ekki er vitað um vilja eigenda. Óski eigendur eftir því að húsið verði fært þá leggur nefndin til að það verði fært inn á Oddagötu 4.





Jan Míkaskó
 Kt. 270191-3559
 783 9679
 mikasko@gmail.com
 HÚS ANDANNA, LANDAMÓT
 ODDAGATA 5
 710 SEYÐISFJÖRÐUR
 22.5.2021
 AFSTÖÐUMYND
 1:500
 A.05



HAFNARGATA 42B

Byggt 1925

Eigandi Ómar Trausti Jónsson frá 2002

„Saga Hafnargötu 42b er án stórra sviptinga. Eigendur hússins hafa unað hag sínum vel og búið þar um áratugaskeið. Jón Böðvarsson, sá er byggði húsið, rak fyrstu fiskverslun í kaupstaðnum. Fyrst í Litlu búðinni að Austurvegi 5 og síðar í Gíslahúsi að Austurvegi 51, sem hann keypti þegar hann flutti úr þessu húsi við Hafnargötu. Hann seldi húsið, því auðveldara var um verslun við Austurvegin en uppi í miðjum hlíðum Strandartinds. Húsið er einfalt og stílhreint, stendur hátt og fer vel undir bröttum hlíðum Strandartinds“. (*Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar útg. 2020*)

Tillaga nefndarinnar:

Húsið er í einkaeigu og ekki er vitað um vilja eigenda. Óski eigendur eftir því að húsið verði fært þá leggur nefndin til að Hafnargata 42b verði fært á lóð nr. 5 við Oddagötu.





HAFNARGATA 42 – GARÐUR

Byggt 1921

Eigendur: Elfa Hlín Pétursdóttir (neðri hæð) frá 2006 og Sveinn Ágúst Þórsson 50% og Oddný Björk Daniëlsdóttir 50% (efri hæð) frá 2013.

„Þann 18. ágúst 1906 kom sæsími á land á Seyðisfirði.“ Det store nordiske telegrafsekskab” lagði símann og rak. Sama félag byggði hús þetta handa starfsfólki sínu árið 1921. Fyrst og fremst bjuggu þarna símrítarar, og voru þeir fjórtán talsins þegar mest var, þar af um helmingur Íslendingar.


Garður er með stærri íbúðarhúsum á Seyðisfirði það er vandlega byggt en laust við hverskonar skraut og íburð. Húsið er gafsneitt, með miðjukvisti. Það er byggt fremur að danskri fyrirmynd en norskri. Allir gluggar í húsinu voru með innra og ytra fagi en athygli vekur hversu gluggar eru smáir miðað við vegg hæð og umfang hússins. Þó að Garður láti lítið yfir sér, er þar bæði hátt til lofts og vítt til veggja og vel hefur verið vandað til flestra hluta í upphafi.

Garður er eðlilegur og mikilvægur hluti af Wathnetorfunni þó að hann sé seinna til kominn“. (*Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar útg. 2020*)

Tillaga nefndarinnar:

Húsið er í einkaeigu og ekki er vitað um vilja eigenda. Óski eigendur eftir því að húsið verði fært þá leggur nefndin til að það verði fært inn á Vesturveg 10 með aðkomu frá Ránargötu. Lagt er til að í húsinu verði áfram íbúðir.







HAFNARGATA 44 - RÁÐHÚS / GAMLA RITSÍMASTÖÐIN

Byggt 1894

Eigandi Seyðisfjarðarkaupstaður frá 1976

„Otto Wathne efnaðist vel á Íslandi og það var því seinna en við hefði mátt búast að hann réðist í byggingu íbúðarhúss, en í Angró bjó hann frá 1881 til 1894. Wahtneshúsið nýja þótti einstakt stórhúsi og skrauthúsi á sinni tíð og ákaflega tæknivætt. Því er lýst af mikilli innlifun í Austra árið 1896, fylgir hér úrdráttur úr þeirri grein:

“Hið nýja íbúðarhús stórkaupmanns Ottó Wathne á Búðareyri við Seyðisfjörð; Fyrir rúmu ári var farið að aka grjóti og grafa fyrir grunninum undir íbúðarhúsi því sem nú stendur fullbúið á Búðareyri. Húsið stendur neðarlega í brekkunni fyrir utan og ofan hið gamla íbúðarhús O.W. og var mikill gröptur undir hinu nýja húsi og miklar grjótsprengingar úr grunninum, því kjallarinn undir því er allur grafinn úti brekkuna, 12 álnir á lengd og 10 á breidd með steinlímdu veggjum og gólfi. Í kjallaranum eru ýms geymsluherbergi og reykingahús, þar sem reykja má matvæli á fáum dögum, miklu betur en í vanalegum eldhúsreyk. Þar er og upphitunarvélin, er síðar mun á minnzt. Brekkunni fyrir ofan húsið hefur verið skipt í stalla, er síðar á að þekja með grassverði, blómum og trjategundum, og eru steinlímdu veggir fram undir stöllum.”

Innslag frá skýrsluhöfundi: (Í greininni er herbergjaskipan lýst sem og klæðningum, útsýni o.fl. Í greininni er mikil og ýtarleg lýsing á vatnleiðslunni sem þótti mestu þægindin í þessu stórhúsi. Í húsinu mátti allstaðar fá heitt og kalt vatn úr a.m.k. 12 krónum eins og vildi og þurfti á öllum tíma sólarhrings. Heitavatnsleiðslan hitar upp allt húsið, það er jafnheitt á göngum sem og í herbergjum. Í greininni er lýsing í smáatriðum á því hvernig vatn er sótt í lækinn og leitt inn í húsið.)

“Ottó naut ekki þessa einstaka húss nema um fjögurra ára skeið, en hann lést í hafi árið 1898. Eftir hans dag flutti bróðir hans, Friðrik Wathne frá Reyðarfirði og bjó í húsinu. Þar bjó einnig Guðrún Wathne, ekkja Ottós, þegar hún var á Seyðisfirði. Árið 1906 seldi Carl Wathne fyrir hönd hlutafélagsins “Otto Wathnes Arvinger”, Stóra Norræna ritsímafélaginu, húsið fyrir 19 þúsund krónur. Þetta félag lagði sæstreng og sá um skeytasendingar um hann milli Seyðisfjarðar og Lundúna. Þetta þýddi í raun að öll

skeyti sem berast þurftu frá Íslandi til annarra landa þurfti að taka upp og senda áfram á morslykli á ritsímanum á Seyðisfirði.

Á öndverðri 19. öldinni komst á í Noregi byggingartíska sem sótti sér innblástur í rómantísk hús í svissnesku Ölpunum. Um þessar mundir voru Norðmenn að vélvæða bygginga- og timburiðnaðinn og hófu framleiðslu verksmiðjuframleiddra húsa sem báru hróður þeirra víða um heim. Norskir athafnamenn fluttu þessi nýju hús með sér til Íslands. Ottó Wathne var einna fyrstur til að flytja hingað til lands svissneskættuð skrauthýsi.

Sveitserhúsin komust mjög í tísku á Íslandi um og eftir aldamótin 1900 og höfðu víðtæk áhrif á íslenska byggingarhefð.

Árið 1917 var húsið lengt um 5 metra til vesturs og fáum árum seinna, sennilega 1926, var smíðaður á það kvistur, við hlið þess sem fyrir var. Viðbyggingin er venjulegt grindarhús með tvöföldum aurstokkum (fótstykki). Allt er húsið klætt samskonar panel og undir honum er einnig tjörupappi á viðbyggingunni. Bárujárni var sett á þakið í stað skifu þegar húsið var lengt. Gluggasetning raskaðist við lenginguna og er hún ekki lengur "symetrisk".

Það var ekki einungis á mælikvarða aldamótanna að Wathneshúsið taldist hið glæsilegasta. Enn í dag er það eitt reisulegasta og fegursta hús bæjarins. Ráðhús bæjarins hefur verið í húsinu frá 1980 til dagsins í dag". (Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar útg. 2020)

Tillaga nefndarinnar:

Hafnargata 44 er eitt merkasta húsið í húsaafni Seyðisfjarðar og menningarsögulegt gildi þess mikið sem eitt af þjóðargersemum landsins. Lagt er til að húsið verði fært inn á lóð við Ránargötu 1 þar sem nú stendur gamla bensinstöðin og þjónar sem þjónustuhús við tjaldsvæði Seyðisfjarðar. Lagt er til að húsið verði staðsett á miðri lóðinni, bensínsjoppa fjarlægð og þjónustuhús fyrir tjaldsvæði flutt í kjallara hússins. Húsið verði áfram ráðhús á efri hæðum þess og lyftu verði komið fyrir aftan við húsið sem og bílastæðum sem þjóna þá bæði tjaldsvæði, ráðhúsi og jafnvel kirkjunni. Helstu rökin fyrir þessari staðsetningu er sú staðreynd að þarna fer húsið inn á verndarsvæði í byggð, tengir saman Tungu og Vesturveg 4. Húsið er reisulegt og mun helst njóta sín á þessum stað að mati nefndarinnar.







HAFNARGATA 44B SÓLBAKKI


Byggt 1893/1916

Eigandi Alfreð Sigmarsson (efri hæð) frá 1991 og Sigurjón Heiðdal Viktorsson (neðri hæð) frá 2000.

„Árið 1893 byggði Ottó Wathne timburhús, þar sem nú er Sólbakki. Var það kallað Bakkahús. Bróðir Ottós, Carl Wathne kaupmaður og myndasmiður bjó í húsinu og þáði það að gjöf frá Ottó árið 1895, ásamt útihúsum og tveimur gördum. Þrátt fyrir þetta eignaðist hlutafélagið “Otto Wathnes arvinger” húsið að honum látnum. Árið 1913 seldi Friðrik Wathne, Birni Ólafssyni símritara húsið fyrir hönd hlutafélagsins. Aðeins tveimur árum síðar brann húsið til kaldra kola og íbúar þess björguðust naumlega út um glugga á annarri hæð. Hús og innbú var váttryggt svo Björn símritari gat hafist handa um byggingu húss á sama stað. Það er Sólbakki. Sólbakki var í upphafi vandlega byggt hús og hefur haldið sér vel í tímans rás.“ (*Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar útg. 2020*)

Tillaga nefndarinnar:

Húsið er í einkaeigu og ekki er vitað um vilja eigenda. Óski eigendur eftir því að húsið verði fært þá leggur nefndin til að það verði flutt á nýja lóð við Öldugötu 10. Jafnframt verði lokað tengingu milli Bjölfsgötu og Lónsleiru og að Bjölfsgatan verði botnlangi. Akstursleið lokað en gönguleið haldist.





HAFNARGATA 38 – VÉLSMIÐJA SEYÐISFJARÐAR, SMÍÐJAN.

Byggt 1907

Eigandi Tækniminjasafn Austurlands frá 1994.

„Jóhann Hansson kom upphaflega til Seyðisfjarðar árið 1906 á vegum Stefáns Th. til að setja niður vélar í báta sem Stefán hafði látið hefja smíðar á í bátasmíðahúsinu á Öldunni. Þegar árið 1907 hafði Jóhann byggt vandað verkstæðishús. Brátt kom í ljós að þessi ungi vélsmiður frá Djúpavogi var afbragðs handverksmaður og barst hróður hans víða. Þótti fyrirtæki hans hið fullkornasta sinnar tegundar á landinu og komu menn víða að úr fjórðungnum til að notfæra sér þjónustu þess, auk þess sem erlendir togarar skiptu mikið við Jóhann. Allur vélakostur verkstæðisins var reimdrifinn, en orkan sem dreif verkið og lýsti upp verkstæðið var fengin úr Búðaránni. Var þetta nýjung í fjórðungnum og vakti mikla athygli. Árið 1918 var húsið stækkað til muna og komið upp járn- og málmbræðslu í smiðjunni. Var það mikið framfaraspor því nú var hægt að framleiða alla varahluti á staðnum. Kom þetta sér ekki síst vel á stríðsárunum síðari en þá voru framleiddir þúsundir vélavarahluta í Smiðjunni. Í fjörunni neðan við Vélsmiðjuna var fljótlega sett upp dráttarbraut og hún stækkuð og endurbætt árið 1939.

Vélsmiðjan er fyrsta steinsteypta atvinnuhúsnæðið í kaupstaðnum. Þó að notagildið hafi aðallega ráðið útliti hennar má greina nýklassísk áhrif“. (*Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar útg. 2020*)

Ábending frá nefndinni:

Þar sem ekki er heimilt að vera með safnastarfsemi í húsinu þá hefur verið farið fram á það að rústir hússins fái að standa sem minnisvarði.

Pétur Ármannsson sviðsstjóri Minjastofnunar Íslands hefur ritað eftirfarandi minnisblað varðar álitamál um upphæð og sanngirni tjónamats og framtíðarvarðveislu hússins:

„Hafnargata 38/Vélsmiðja Seyðisfjarðar Byggingarár: 1907/Aldursfriðun Varðveislugildi : hátt, iðnaðarhús af elstu gerð, safnhús Tækniminjasafns Stykir úr húsafriðunarsjóði: 10.500.000 (1995, 2007-2010)

Viðgerð: múrviðgerð var í undirbúningi þegar skriðan féll.

Tjón: vesturálma hússins eyðilagðist. Eftir standa miðhlutinn (þrílyft viðbygging frá 1918) og austurálma frá sama tíma.

Mat Náttúruhamfaratryggingar er að altjón hafi orðið á öllu húsinu. Þar sem húsið er steinsteypt verður það ekki flutt á annan stað í bænum. Húsið er innan marka hættusvæðis og er því ekki heimilt að nota það sem safnhús eða til annarrar hefðbundinnar starfsemi. Sá hluti smiðjunnar sem eftir stendur nýtur friðunar vegna aldurs skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Minjastofnun óskaði eftir því að burðarþolshönnuður yrði fenginn til að meta ástand steypuvirkis hússins. Álit Sigurðar Jónssonar verkfræðings hjá Eflu er að húsið sem eftir stendur virðist “ekki hafa orðið fyrir skemmdum að heitið geti á burðarvirki.”

Ljóst er að þótt að hluti byggingarinnar standi ólaskaður hefur orðið altjón frá sjónarhóli Tækniminjasafns Austurlands þar sem safnið getur hvorki nýtt húsið fyrir safnastarf né flutt það á aðra lóð. Hins vegar ber að líta til þess að vélsmiðjubyggingin sem slík er einn merkasti “safngripur” Tækniminjasafnsins. Margir Seyðfirðingar mega ekki til þess hugsa að húsið verði brotið niður, ekki síst þar sem steypuvirki þess er metið að mestu leyti óskemmt eftir skriðuna. Sérfræðingar Minjastofnunar deila þeirri skoðun. Fram hafa komið hugmyndir um að húsið fái að standa sem minnismerki um hamfarirnar eða “sýningarrými” en þá með ákveðnum skilyrðum“.

TÆKNIMINJASAFN AUSTURLANDS

Ráðgjafanefnd ber samkvæmt erindisbréfi að skila tillögu varðandi húsnæði fyrir safnið, hugsanlega endurbyggingu, niðurrif og mögulegar nýbyggingar á nýjum stað. Nefndin fundaði með stjórn og safnverði Tækniminjasafnsins varðandi málið.

Tillaga nefndarinnar:

Nefndin leggur til að safnið fái stað við Lónsleiru 11 - 17. Svigrúm er fyrir safnið að nýta Angró undir safnkost á þeim stað. Sá möguleiki er fyrir hendi að stækka uppfyllinguna með frekara svigrúm fyrir annað sjóhús og/eða húsakost og sýningasvæði safnsins. Á fyrri fundi nefndarinnar var rætt um praktísk atriði eins og eignarhald á Angró og tilkall safnsins til Gömlu símstöðvarinnar; Hafnargötu 44. Sveitarfélagið þarf að taka afstöðu til þessa og fleiri álitamála svo sem varðveislu leifa gömlu vélsmiðjunnar sem njóta friðunar.

Til umræðu var nýting á ráðhúsi sveitarfélagsins, Hafnargötu 44. Ráðgjafanefndin ítrekar þá skoðun sína að húsið verði staðsett á fyrr greindum stað; Ránargötu 1. Að mati nefndarinnar útilokar sú staðsetning hússins ekki að hluti þess geti nýst undir sýningu á vegum safnsins eins og er í dag. Að mati nefndarinnar kemur ekki til greina að staðsetja húsið á Lónsleiru.



HAFNARGATA 25 - ÞÓRSHAMAR

Byggt 1882

Eigandi Gíslína Hrefna Magnúsdóttir frá 2006

„Húsinu er m.a. svo lýst í húsavirðingu frá 1882: “Hús þeirra V.T. Thostrup og Co. á Búðareyri. Það er fiskihús 60 al langt 16 al breitt og 12 ½ al á hæð. Mestur hluti hússins er byggður á staurum í sjó fram, golf og lopt er yfir því öllu. Húsinu fylgir stór bryggja úr timbri”. Húsið var upphaflega byggt til síldarvinnslu. Það er einstakt dæmi um atvinnuhúsnæði 19. aldarinnar og mikið stórhýsi á mælikvarða síns tíma. Það er ákaflega einfalt og látlaust að gerð. Veggir eru lágir (2,5) og ris hátt (5 m) og ekki portbyggt. Húsið er grindarbyggt og klætt utan með strikaðri lóðréttri klæðningu. Rótarhnyðjukrappar eru notaðir til styrktar grindinni og tengja þeir loft og gólfbita við stoðir útveggja. Árið 1968 lét Olúfélagið stytta húsið um rúma 11 metra til að koma fyrir bensínsöluskúr“.

(Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar útg. 2020)

Ábending frá nefndinni:

Húsið er í einkaeign og því ekki á færi nefndarinnar að koma með tillögu um færslu hússins.

Pétur Ármannsson hefur ritað eftirfarandi varðar álitamál um upphæð og sanngirni tjónamats og framtíðarvarðveislu hússins.

Hafnargata 25 / Þórshamar Byggingarár : 1882 / Aldursfriðun

Varðveislugildi: hátt, sjóhús með fágætisgildi, eitt fárra sem varðveist

Styrkir úr húsafriðunarsjóði: 1.850.000 (2008-2012)

Tjón: Húsið hefur skekkst, veggklæðning skemmst og bryggjan trúlega ónýtt.

Sjóhúsið Þórshamar er í einkaeigu listamanna sem unnið hafa að endurbótum á því á undanförunum árum. Húsið hafa þau nýtt bæði sem íbúð og vinnuástöðu. Þar sem

húsið er á hættusvæði er óheimilt að nýta það til íbúðar eins og hugur eigenda stendur til. Eigendur eru ósáttir við mat Náttúruhamfaratryggingar á því tjóni sem varð á húsinu af völdum ofanflóðsins.

Við vettvangsskoðun er augljóst að húsgrindin hefur skekkst og óljóst er með ástand á undirstöðum þess. Líkt og með Angró er í reynd um altjón að ræða þar sem eigendur geta ekki lengur nýtt húsið með þeim hætti sem hugur þeirra stendur til. Jafnframt er þeim óheimilt að gera við skemmdir á húsinu á núverandi stað. Eigendurnir hafa að sögn ekki fjárhagslega getu til að kosta flutning hússins á nýjan stað og endurbyggja það á þann hátt sem hæfir aldri þess og fágætisgildi.



HAFNARGATA 31 - GARÐARSHÚSIÐ SÍÐAR NEFNT SKIPASMÍÐASTÖÐ AUSTFJARÐA

Byggt 1897

Eigandi: Tækniminjasafn Austurlands frá 2020

„Fiskverkunarhús H. Svendsen er svo lýst í húsavirðingu frá 1881: “Fiskverkunarhús H. Svendsens samastaðar, hús þetta er allt mjög vandlega byggt og rammgjört, það er 41 al á lengd 20 al á breidd með gólfi og lopti; hjer um bil 8 álnir af því eru úr stökkverki með 3 herbergjum til íbúðar. Það er virt á 5000 kr.” Í húsavirðingu frá 1906 má sjá að húsin þrjú eru komin undir eitt þak, svokallaðan mansard. Garðarshúsið er að mörgu leyti mjög sérstök bygging. Það er óvenju stórt að grunnfleti eða 466 fermetrar sem skiptist í grundvallaratriðum í tvö rými á neðri hæð og tvö rými á þeirri eftir. Húsið er sennilega stærsta atvinnuhúsnæði úr timbri sem til er í landinu, frá aldamótunum 1900. Bryggjuhúsin þrjú Angró, Garðarshúsið og Þórshamar mynda sterka heild“.
(*Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar útg. 2020*)

Ábending frá nefndinni:

Rætt hefur verið um það að endurbyggja hluta af húsinu sem nýbyggingu við hlið Angró við Lónsleiru.

LOKAORÐ

Af þessari samantekt að ráða er um umfangsmikið og flókið verkefni að ræða. Nefndin leggur til að eftirtalin hús verði sett í forgang vegna varðveislugildis og ofanflóðaógnar á svæðinu:

- Turninn – endurbygging.
- Ráðhús Hafnargötu 44 – flutningur.
- Garður Hafnargötu 42 – flutningur.
- Angró Hafnargötu 37 – flutningur.

Jafnframt er mikilvægt að finna lausn á framtíðarvarðveislu Þórshamars.

FYLGISKJÖL

1. Fundargerðir nefndarinnar og fylgigögn
2. Hættumat 2021

Í kjölfar skriðufalla í desember 2020 er unnið að endurskoðun skriðhættumats fyrir sunnanverðan Seyðisfjörð

a) Rituð hafa verið tvö minnisblöð um niðurstöður þessarar endurskoðunar um hættumat á skriðusvæðinu milli Búðarár og Stöðvarlækjar og á nærliggjandi svæðum.

Endurskoðað hættumat fyrir svæðið frá Búðará að Skuldarlæk á Seyðisfirði (minnisblað) (pdf 1,7 Mb)

https://vedur.is/gogn/snjoflod/haettumat/se/mbl_seydisfj_endursk_hmat_skuldarl_budara_20210319_loka_med_korti.pdf

b) Bráðabirgðahættumat á áhrifasvæði skriðunnar 18. desember 2020 frá Múla út fyrir Stöðvarlæk (minnisblað) (pdf 5,5 Mb)

https://vedur.is/gogn/snjoflod/haettumat/se/mbl_seydisfj_haettumat_a_skridusvaedi_20210119_med_korti.pdf

(Sótt á vefsíðu veðurstofunnar á vefslóðina Seyðisfjörður | Veðurstofa Íslands (vedur.is) 30.05.2021)

<https://vedur.is/ofanflod/haettumat/seydisfjordur/>

HEIMILDIR

Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar rituð af Þóru Guðmundsdóttur Arkitekt: Texti og ljósmyndir við hvern húsakafla.

ANNAÐ

Prívíddarmyndir, afstöðuteikningar og kort unnið af Jan Miksátko

Samantekt skýrslunnar unnin af Aðalheiði Borgþórsdóttur fulltrúa sveitastjóra á Seyðisfirði & atvinnu- og menningarstjóra í Múlaþingi.